

SKÝRSLA STJÓRNAR KNATTSPYRNUDEILDAR F. ÁRIÐ 2021

Sú stjórn sem nú situr við stjórnvölinn í Knattspyrnudeild Þróttar var mynduð nokkuð óvænt um mitt sumar 2020, eitt versta sumar í manna minnum, heimsfaraldur geisaði, tekjustofnar gufudu upp og gæfa Þróttara út á vellinum var mjög misjöfn. Kvinnalið félagsins var á mikilli siglingu og endaði í 5ta sæti í efstu deild sem er besti árangur Þróttar í sögunni, hvorki meira né minna. Karlaliðið okkar var á öðrum stað en með harðfylgi tókst að bjarga liðinu frá falli úr Lengjudeildinni þó tæpt stæði á endanum. Þegar þessari baráttu var lokið settist stjórn deildarinnar niður og fór að huga að næstu mánuðum og þeim breytingum sem þurfti að gera.

Mikil vinna hefur farið í að endurskipuleggja fjármál deildarinnar eftir að algert tekjufall varð allt árið 2020. Telja má rétt að síðustu reglulegu tekjur til knattspyrnudeildar hafi í raun komið hausti 2019, frá þeim tíma hefur deildin þurft að taka á sig hvert höggið á fætur öðru. Þessu hefur verið mætt með miklum niðurskurði hvar sem því hefur verið viðkomið en um leið – og það er algert lykilatriði – hefur þeim fjármunum sem við höfum haft til aflögu verið valið í efla þjálfun í félaginu og bæta allt umhverfi leikmanna.

Stjórn kn. Þróttar skipa nú.

Kristján Kristjánsson, formaður
Ólafur Kjartansson, gjaldkeri
Pála Þórisdóttir, form. mfl. ráðs kvenna
Helgi Sævarsson, form. mfl. ráðs karla
Bolli Már Bjarnason, meðstjórnandi
Kristófer Ólason, varamaður
Guðrún Skúladóttir varamaður

Háttur stjórnar er að varamenn taki fullan þátt í öllum verkefnum stjórnarinnar.

Stefna knattspyrnudeildar Þróttar.

Stefna þessarar stjórnar og þar með knattspyrnudeildar Þróttar er í sjálfu sér skýr. Við erum hverfisfélag sem vill byggja á því sem hverfið færir okkur og

halda sterkri tengingu út í nærsamfélagið. Þetta þýðir að knattspyrnudeildin, þar með talið okkar öfluga Barna- og unglingaráð (BUR), byggir á þeim iðkendum sem koma úr okkar hverfi og vill veg þeirra sem mestan. Um leið viljum við ná árangri á sem flestum sviðum, við vilum vera gott félag, við viljum að iðkendum okkar líði vel, leikmönnum okkar ekki síður, að foreldrar séu ánægðir með félag barnanna sinna og um leið viljum við ná árangri inn á vellinum.

Okkar trú er sú að rétta leiðin til að ná þessum markmiðum sé að vera með gott starfsfólk, góða þjálfara og skýra sýn á viðfangsefnin. Þegar þetta allt kemur saman mun árangur Þróttar út á vellinum líka verða góður og vonandi kemur brátt að því að við eigum tvö lið en ekki bara eitt, í efstu deild á Íslandi. Að því stefnum við.

Rétt er að nefna sérstaklega að við viljum að bæði strákar og stelpur njóti sín í félaginu á eigin forsendu, engan greinarmun má gera á þjónust við iðkendur á grundvelli kynferðis og við stefnum að jafnstöðu kynjanna í félaginu.

Aðstöðumál knattspyrnunnar

Aðstaða Þróttar hefur verið mikið til umræðu og nú hyllir undir lausn eftir langa bið og viðræður við Reykjavíkurborg um hvernig best verði á málum haldið. Þrótt skortir sárlega vetraraðstöðu og verður úr því bætt með tveimur nýjum gervigrasvöllum í fullri stærð sem verða á Valbjarnarvallarsvæðinu sem verður þá endurnefnt. Þessir vellir verða teknir í notkun vorið 2022. Um haustið, það sama ár, verður aðalvöllurinn okkar endurnýjaður, nýtt gras, nýtt undirlag, nýjar hitalagnir og vökvunarkerfi verður þá komið fyrir og sá völlur verður tilbúinn fyrir sumarið 2023. Við eigum síðan kost á tveimur grasvöllum til viðbótar á Valbjarnarsvæðinu og kastvelli frálsíþróttamanna og þegar þeir komast í gagnið, þá munum við afsala okkur Suðurlandsbrautarvellinum og TBR-vellinum. Þá verður aðstaða okkar fyrsta flokks, vetur, sumar, vor og haust.

Umhverfið í ísl. knattspyrnu

Smámsaman hefur bilið á milli stærstu liðanna á Íslandi og hinna aukist, þetta gerir okkar hlutskipti erfiðara, laun hafa hækkað mikið í knattspyrnu á fáum árum og margir aðrir kostnaðarliðir sömuleiðis. Þarna er knattspyrnan á Íslandi

á miklum villigötum því tekjur knattspyrnudeilda í landinu – að örfáum undanskildum – standa engan veginn undir þeim kröfum sem gerðar eru til starfseminnar. Sveitarfélög í nágrannasveitarfélögum höfuðborgarinnar hafa lagt mikla fjármuni í uppbyggingu mannvirkja en Reykjavíkurlíðin sitja á hakanum og hafa dregist aftur úr þegar kemur að þróun svæða. Hugmyndir um breytingar á móttamálum í efstu deild karla munu hafa mikil áhrif á tekjumöguleika, verðmæti sjónvarpsréttar og aðsókn á leiki án efa líka. Allar þessar hugmyndir miða fyrst og fremst að því að bæta stöðu liða í efstu deild og af þeim sökum hefur knattspyrnudeild Þróttar ekki viljað styðja við þær nema það sé ljóst að ábatinn af breytingunum renni að einhverju marki til félaga í næst efstu deild líka.

Fjármál knattspyrnudeildar Þróttar

Engum blöðum er um að fletta að rekstur knattspyrnudeildar er þungur þessi árin, rétt eins og svo oft áður. Sitjandi stjórn hefur kosið að skera niður kostnað hvar sem því hefur verið viðkomið, jafnt innan vallar sem utan. Um leið höfum við þó einsett okkur að halda úti fyrsta flokks þjálfun og ætlum ekki að spara neitt þegar kemur að því umhverfi sem þarf til að halda úti öflugum knattspyrnuliðum. Við höfum náð að greiða niður skuldir deildarinnar á þessum fáu mánuðum um rúmar 13 milljónir króna og standa þær nærri 13,5 milljónum sem er nokkuð viðráðanleg tala ef vel er á spilum haldið. Þó heildarniðurstaða síðastliðins árs hafi verið neikvæð um tæpar 14 mkr. Þá var, að teknu tilliti til einkisliða sem féllu á deildina á síðasta ári, reksturinn jákvæður um 13 mkr þrátt fyrir stórfellt tekjutap. Þannig höfum við möguleika nú til að rétta af rekstur deildarinnar til lengri tíma og losna við byrðir fortíðarinnar. Það þýðir þó að ekki er neitt svigrúm til flugeldasýninga á næstunni, þær verða að bíða betri tíma. Áfram er unnið að því að safna styrkum og afla stuðnings en ljóst að fyrirtæki hafa mjög skorið niður stuðning til íþróttamála og beina fjármunum fyrst og fremst í græn verkefni svokölluð. Þetta mun hafa áhrif á reksturinn til framtíðar að óbreyttu.

Yngri iðkendur á vegum stjórnar knd.

Starfsemi BUR er í traustum farvegi, vel er þar haldið utan allt af hálfu stjórnar, yfirþjálfara og annarra starsfmannanna. Iðkendum fjölgar ár frá ári og það skapar félaginu endalaus tækifæri sem við ættum að geta nýtt í nánustu framtíð. Árangur yngri flokka Þróttar hefur alla tíð verið upp og ofan en því þarf að

breyta ef við ætlum okkur að eignast öflug lið í elstu flokkunum. Þetta þýðir að afrekshugsun verður að taka meira pláss en hún hefur gert, en það má þó ekki vera á kostnað almennra iðkenda sem verða áfram að fá þjónustu við sitt hæfi.

Efnilegir árgangar eru sem fyrr í félaginu og það verður að vera keppikefli okkar allra að halda vel utanum okkar efnilegasta fólk þannig að það skili sér upp í gegnum félagið og við eigum svo þess kost að sjá það í Þróttarabúningnum á vellinum í efstu deild.

Í 2. flokki karla erum við á spennandi vegferð, þar eigum við tvö lið í keppni A-liða, annað í A-riðli sem er sterkasti riðill landsins og hitt í B-riðli. Á síðasta ári mynduðum við eitt lið með Val í 2. flokki kvenna en þannig verður það ekki nú, heldur munum við tefla fram SR liði kvenna, blöndu af eldri leikmönnum og yngri, sem leika mun í 2. deild.

Framhaldið

Næsta ár eða svo verður nýtt af hálfu stjórnar knd. til að endurbyggja rekstur deildarinnar. Skilgreina þarf ýmsa þætti betur, tryggja samræmi í tekjum og gjöldum og færa deildina inn í nútímann með því að taka í gagnið fullkomin upplýsingakerfi. Í meðalári veltir knattspyrnudeildin um 130 milljónum króna að meðtöldu unglíngastarfi, þetta er há upphæð og svo sjálfbóðaliðar nái að tryggja sómasamlega meðferð fjármuna verða allar upplýsingar alltaf vera fyrirliggjandi, skýrar og aðgengilegar. Á þetta hefur skort á mörgum undanfórnum árum en þannig má þetta ekki vera lengur.

Helstu verkefni knattspyrnudeildar frá sl. hausti hafa verið þessi, mörg auðvitað unnin í samvinnu starfsfólk, BUR og aðalstjórn félagsins.

- Ráðning nýrra þjálfara í mfl. karla, þeirra Guðlaugs Baldurssonar, Sam Hewsons sem spilandi aðstoðarþjálfara og Jens Elfars Sævarssonar sem þriðja þjálfara.
- Samingur við Nik Chamberlain framlengdur til 4 ára. Edda Garðarsdóttir honum áfram til halds og trausts.
- Ráðning Henrys Schmydt sem þrekþjálfara í fullt starf
- Ráðning Jamies Brassington í fullt starf sem markmannsþjálfara
- Endurnýjaður samningur við alla lykilleikmenn okkar í kvennaflokki, Álfhildi, Lindu Líf, Andreu, Jelenu, Elísabetu Freyju.
- Nýir leikmenn kvennamegin: samningur við Sóleyju Maríu til 3ja ára, og þær Ísabellu Húbertsdóttur sem var hjá okkur í fyrra, Guðrún Gyðu Haralz

sem kemur frá Breiðabliki að ógleymdum markverðinum Írisi Dögg Gunnarsdóttir.

- Fjórir nýir erlendir leikmenn til liðs við kvennaliðið, Shae Murison, Katie Cousins,.
- Lorena Baumann og Shea Moyer.
- Framlenging á samning við lykilmenn karlaliðsins, m.a. Daða Bergsson og Hrein Inga Örnólfsson.
- Samningur við Kairo John og Sam Ford, tvo breska framherja fyrir karlaliðið auk þess sem Aron Ingi Kristinsson hefur bæst í hópinn.
- Karlaklefinn tekinn í gegn, málaður og endurinnréttaður, kvennaklefinn var lagaður fyrir síðasta tímabil en verður endurbættur núna líka.
- Nýtt þvottahús brátt tekið í notkun, aftur þvegið af leikmönnum, betri meðferð á búningum, minni rýrnun, betri umgengni.
- Nýjar tölvur fyrir báða aðalþjálfara til að nota við leikgreiningu og á myndbandsfundum með leikmönnum.
- Nýtt upplýsingakerfi í innleiðingu.
- Nýir búningar, JAKO komið inn í stað Capelli, betri þjónusta, glaðari þróttarar.
- Jólblað, Happdrætti, Flugeldasala, Jólatrijásöfnun, Sjónvarpsþáttur o. fl. á sviði fjáröflunar.

Að lokum þetta:

Fyrir hönd stjórnar knd. vil ég þakka öllum sem með okkur hafa starfað á þeim mánuðum sem liðnir eru frá því við tókum við. Aðalstjórn Þróttar, starfsfólk, þjálfarar, leikmenn og síðast en ekki síst félagsmenn í Þrótti, allir eiga skilið miklar þakkir fyrir gott samstarf og samstöðu.

Kæru félagsmenn Þróttar.

Þróttur á alla möguleika á eflast og stækka. Í hverfinu okkar, Laugardalnum, mun fólki fjölga hratt á næstu árum, það kallar á aukna þjónustu af hálfu félagsins en skapar líka tækifæri sem við eigum að nýta. Við erum í raun í dauðafæri, brennum því ekki af!

#lifi

Kristján Kristjánsson, form. knd.